

## Stalín ungi - saga Josefs Vissarionovits Djúgasvili frá æsku til 1917

**Bókarhöfundur:** Simon Sebag-Montefiore

**Bókarheiti:** Stalín ungi (Young Stalin)

**Þýðandi:** Elín Guðmundsdóttir

**Gagnrýnandi:** Guðmundur Ólafsson, hagfræðingur

**Útgáfa:** Skrudda, Reykjavík 2009, 458 bls.

**Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram:** *"Bókin er skrifuð af fádæma nákvæmni, enda hafa fáir Vesturlandabúar komist í jafnáhugaverð gögn austur í Rússlandi og Georgíu og höfundurinn. Hann nær jafnvel í skottið á háöldruðu fólki sem þekkti fjölskyldu Stalíns, t.d. frænku fyrstu eiginkonu hans. Lýsingin á uppveiti Stalíns, ungum rómantískum ljóðelskum guðfræðinema í Alexandrovskij seminarinu í Tbilisi er ótrúlega lifandi. [...] Friðrik heitinn Þórðarson prófessor í Osló, einn fárra Vesturlandabúa sem talaði ossetísku og ritaði málfræði fyrir nútímamálið, taldi að Vissarion hafi verið af Dsjúga-ættinni sem er þekkt meðal Osseta. Þegar þeir fóru yfir landamærin sem voru raunar óljós, til að vinna við ávaxtatínslu, þá georgíseruðu þeir gjarnan nöfn sín og Dsjúga varð þannig Dsjúgasvíli. Hann taldi ótvírætt að Iosef Vissarionovits Dsjúga hafi verið hálfur Osseti."*

### HVERNIG VERÐA MENN GRIMMIR HARÐSTJÓRAR?

Simon Sebag-Montefiore hefur skapað sér einstæðan feril sem sagnfræðingur og ævisagnaritari. Sérstaklega hefur honum tekist vel upp í verkum sínum um Katrínu miklu og félagu hennar, prins prinsanna, Grigorij Alexandrovitsj Potémkin, sem við köllum nú venjulega Pótemkin, en áður hafði hann ritað sögu Kákasus. Segja má því að hann hafi viðað að sér mikilvægri þekkingu á því sögusviði sem hinn ungi Stalín vex upp í. Keisaraveldið rússneska og Sakartvelo (sem Vesturlandamenn kalla Georgíu en Rússar Grúzíu) er sú umgjörð sem skilyrðir framtíð hins unga Jóseps sonar skógarans Vissarions Dsjúga, sem kallaði sig Dsjúgasvili eftir að hann settist að í Gori, smábæ rétt sunnan við Suður-Ossetíu. Enda er það svo að fáar ævisögur stórmenna sögunnar eru jafnlifandi og grípandi og sagan um hin unga Stalín og vonandi tekst að koma næsta bindi, „Hirðin um Stalín“, á íslensku.

Bókin er skrifuð af fádæma nákvæmni, enda hafa fáir Vesturlandabúar komist í jafnáhugaverð gögn austur í Rússlandi og Georgíu og höfundurinn. Hann nær jafnvel í skottið á háöldruðu fólki sem þekkti fjölskyldu Stalíns, t.d. frænku fyrstu eiginkonu hans. Lýsingin á uppveiti Stalíns, ungum rómantískum ljóðelskum guðfræðinema í Alexandrovskíi seminarinu í Tbilisi er ótrúlega lifandi. Ungu mannum er fylgt í gegnum blóðug átök í Batúmí og Bakú, þar sem hann hafði forgöngu um hryðjuverk og skipulagningu pólitískra aðgerðahópa. Honum er fylgt í útlegðina í Síberíu, nákvæmlega eru rakin samskipti hans við ýmsar konur, sagt frá óskilgetnum börnum og framkomu við samferðamenn, sem ekki var alltaf til fyrirmyndar. Smátt og smátt hefst hann til virðingar innan Bolsévikkaflokksins, ekki síst fyrir tilstilli Leníns. Hann fékk snemma miklar mætur á Stalín, sem var ekki einungis hryðjuverkamaður og skipuleggjandi stórbrotinna bankarána heldur einnig liðtækur í pólitískri greiningu, eins og á þjóðavandamálinu í Rússlandi keisarátímans, þar sem voru um 200 þjóðir sem töluðu enn fleiri tungumál. Og fyrir tilstilli Leníns verður hann ritstóri Sannleikans, Prövdur, og kemst þar með í lykilaðstöðu við mótun flokksins og sögu ríkisins sem var í deiglunni. Óvinir hans þreyttust ekki á að gera lítið úr honum, sérstaklega Leon Trotský og fylgismenn hans, og hefur viljað loða við að söguskoðun þeirra hafi ráðið ferðinni á Vesturlöndum, ekki síst vegna áhrifa snjallra sagnfræðinga á borð við Isaac Deutscher, sem skrifaði ævisögu Stalíns 1949.

Margar ævisögur hafa verið ritaðar um Stalín, en það er fyrst eftir 1991 að ævisögur byggðar á gögnum úr sovétskum skjalasöfnum taka að birtast og var sú fyrsta „Stalín: sigrar og harmleikur“, sem Dmitri Antonovich Volkogonov sendi frá sér 1991. Hann var hershöfðingi og yfirmaður sagnfræðistofnunar Rauða hersins og hafði aðgang að mikilvægum gögnum um Stalín sem fáir höfðu fengið að skoða. Árið 1996 sendi Edvard Stanislavich Radzinsky frá sér ævisögu um Stalín sem er feikilega skemmtileg, en þar safnar hann saman ýmsum staðreyndum og misjafnlega trúverðugum kjaftasögum. Merkust þessara nýju ævisagna er þó trúlega ævisaga prófessors Roberts Service í Oxford: „Stalín“, sem kom út 2004, en Simon Sebag-Montefiore mun hafa setið við fótskör hans í námi. Segja má að bók Sebag-Montefiore sé góð viðbót við bækur Roberts Service um sögu Rússlands og Stalín, ekki síst fyrir það hve skemmtileg hún er aflestrar.

Vitaskuld er bókin ekki gallalaus. Ævisaga sem einblínir á persónusögu og æsilega atburði hefur ekki tök á að fjalla um pólitíska hugmyndafræði og þau áhrif sem menn á borð við Jakov Mikhajlovitsj

Sverdlov og Mikhail Ivanovitsj Kalinin höfðu á hinn unga Stalín. Án efa hafa þau verið mikil ekki síður en áhrif Leníns. Fæðingardagur og ár eru enn á reiki og Montefiore bregður sér fimlega undan því að ræða þjóðerni Stalíns, viðurkennir að afi Stalíns hafi verið Osseti en lætur sem Vissarion faðir kappans hafi verið Georgíumaður. Þetta skiptir máli því Ossetar telja að Vissarion hafi verið Osseti og eru þeir farnir að reisa myndastyttur af Stalín í ríki sínu sem þeir kalla Alaníu, sameinaðar Suður- og Norður-Ossetíur, sem virðist nú vera að öðlast nokkra viðurkenningu. Friðrik heitinn Þórðarson prófessor í Osló, einn fárra Vesturlandabúa sem talaði ossetísku og ritaði málfræði nútímamálsins, taldi að Vissarion hafi verið af Dsjúga-ættinni sem er þekkt meðal Osseta. Þegar þeir fóru yfir landamærin sem voru raunar óljós, til að vinna við ávaxtatíslu, þá georgíseruðu þeir gjarnan nöfn sín og Dsjúga varð þannig Dsjúgasvíli. Hann taldi ótvírætt að Iosef Vissarionavitsj Dsjúga hafi verið hálfur Osseti.

Þrátt fyrir að bók Sebag-Montefiore sé skemmtileg og fræðandi skýrir hún ekki hvers vegna Rússar telja Stalín þriðja mikilvægasta manninn í sögu sinni, næst á eftir Pétri mikla og Aleksandr Jaroslavitsj Nevskij, og það gerir framhaldsbókin um hirð Stalíns ekki heldur. En hún bregður furðugóðu ljósi á hvernig menn verða grimmir harðstjórar. Þannig menn eru trúlega til á öllum tímum og víða.